

VÍN, BORG MINNA DRAUMA

Lag: Rudolf Sieczynski

Ljóð: Höskuldur Þráinsson

(Samið árið 2000 í minningu Vínarvinarins Lárusa
Sveinssonar trompetleikara og stjórnamaðra Stefnis
um árabil)

Mitt hjarta og sál, öll hugsun og mál
er helgað þér, Vín, hverja stund.
Í gleði og sorg ég geng um þín torg,
með góðvinum á ég hér fund.
Og aldregi dvín, þú ástkværa Vín,
sú ást sem þú kveiktir hjá mér.
Ef héldi ég burt yrði hjartað um kjurt
og hugur minn eftir hjá þér.

Pá heyri ég úr fjarska löngum eitt ljóð,
svo ljúfan óm með töfrahljóm:
Vín, Vín, þú aðeins ein
æ verður borg minna drauma hrein.
Með þínnum gömlu götukrám
glaðværu meyjum og fögru trjám.
Vín, Vín, þú aðeins ein
æ verður borg minna drauma hrein.
Borgin sem unni ég alla tíð
er Vín, er Vín, já Vín.

Sé öldrykkjumót eða eins konar blót
má ætla að ég verði með.
Ég gleðst þar við söng og góð drykkjarföng
svo gleymast mér sorgir og streð.
Og svönummum á krá, ef sopið er á,
égg sýni ei prett eða fals.
Ég uni við dans með ungneyjafans
þó einkum ef leikinn er vals.

Pá heyri ég úr fjarska ...

Ég skil að ég verð að fara í þá ferð
sem farin er síðasta dag
og kveðja þig, Vín, ó, kærastan mín.
Ég kviði þó ei um minn hag.
Er flýg ég af stað þá frétt hef ég að
þar fagni mér himininn blár.
Þá sest ég á ský og sáttur á ný
égg sé þína turna og krár.

Pá heyri ég úr fjarska ...